



RANGÁRÞING EYSTRÁ

Gjaldskrá og reglur fyrir mötuneyti Hvolsskóla 2018

1. gr.

Foreldrar/ forráðamenn sem ætla að nýta þjónustu mötuneytis Hvolsskóla þurfa að skrá börn sín í mötuneytið hjá ritara skólans. Starfsmenn Hvolsskóla skulu skrá sig í mötuneytið hjá ritara skólans. Ef barn eða starfsmaður ætlar að hætta í mötuneyti skal koma um það skrifleg tilkynning frá foreldri/forráðamanni til ritara með 2ja vikna fyrirvara.

2. gr.

Fyrir hverja máltíð í mötuneyti greiðir nemandi kr. 455.- Þurfi nemandi að fá mat án þess að vera skráður í mötuneyti kostar máltíðin kr. 564.- en slíkar máltíðir skal panta hjá ritara skólans. Fyrir hverja máltíð í mötuneyti greiða kennarar og aðrir starfsmenn kr. 493,- Kennarar og aðrir starfsmann þurfa að skrá sig hjá ritara í stakar máltíðir fyrir kl. 10 að morgni. Gjald fyrir hverja máltíð kennara og annarra starfsmanna er kr. 564,- Matarverð er endurskoðað um hver áramót og gefin út ný gjaldskrá.

3. gr.

Rangárþing eystra sendir gíróseðil vegna mötuneytisgjalda mánaðarlega. Verði dráttur á greiðslum verða reiknaðir dráttarvextir, sbr. lög nr. um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

4. gr

Tekið skal tillit til þess ef um veruleg forföll er að ræða vegna veikinda mötuneytisnotanda.

Umsjónarmaður í mötuneyti heldur dagbók yfir þá sem nýta mötuneytið.

5. gr.

Gjaldskrá þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2018.

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings eystra 9. nóvember 2017

Ísólfur Gylfi Pálmason,
sveitarstjóri Rangárþings eystra